

Fundargerð 52. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 25. mars 2019, kl. 13:15

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta
2. Framkvæmd byggðaáætlunar 2018-2024
3. Undirbúningur nýrra sóknaráætlanasamninga og fundur með landshlutasamtökum
4. Teams vinnusvæði
5. Byggðamálaráð
6. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Arnar Freyr Einarsson (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN) (mætti kl. 13:30), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Karl Björnsson, Pétur Berg Matthíasson (FOR), Sigríður Valgeirsdóttir (ANR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Þórarinn Sólmundarson (MRN) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Árni Freyr Stefánsson (SRN), Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (landshlutasamtökunum) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 51. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni landshluta

Fyrir fundinum lágu fimm áhersluverkefni frá SSH vegna ársins 2019 og eitt verkefni frá SSNV. Nokkur umræða fór fram um áhersluverkefnin, sem síðan voru staðfest. Kynntar voru upplýsingar sem verkefnisstjóri safnaði saman frá landshlutasamtökum um áhersluverkefni 2015-2019. Bráðabirgðaniðurstöður sýna að langflest áhersluverkefnin heyra undir ábyrgðasvið atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

2. Framkvæmd byggðaáætlunar 2018-2024

Formaður dreifði upplýsingum um allar 54 aðgerðir byggðaáætlunar og ræddi um stöðu þeirra. Fyrir liggja upplýsingar um að 37 aðgerðir eru þegar komnar í gang, þar af er einni aðgerð lokið. Rætt var um að rýna þurfi þau áhrif sem ný fjármálaáætlun hefur á aðgerðir byggðaáætlunar. Fulltrúar í stýrihópi eru beðnir um að skoða sína málaflokka.

3. Undirbúningur nýrra sóknaráætlanasamninga og fundur með landshlutasamtökum

Formaður dreifði drögum að minnisblaði um endurnýjun sóknaráætlanasamninga sem kynnt verður samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í vikunni. Rætt var m.a. um gildistíma nýrra samninga og hvort eigi að tengja fleiri málaflokka við sóknaráætlana og hvort fleiri ráðuneyti leggi fjármuni til samninganna. Þá var rætt um reiknilíkan vegna útdeilingar framlaga til nýrra samninga. Samþykkt að fela formanni, Karli Björnssyni, Þórarni Sólmundarsyni og Hermanni Sæmundssyni að vinna tillögu að nýju reiknilíkani. Rætt var um samráðsfund stýrihópsins og landshlutasamtakanna sem verður haldinn á Grand hótél í Reykjavík þann 29. mars n.k.

4. Teams vinnusvæði

Búið er að setja upp vinnusvæði fyrir stýrihópinn á Teams og eru stýrihópsfulltrúar hvattir til að nýta sér það.

5. Byggðamálaráð

Formaður, sem jafnframt er verkefnisstjóri byggðamálaráðs, dreifði til upplýsinga drögum að erindisbréfi ráðsins og áherslum ráðherra við gerð byggðaaáætlunar. Fundargerðir ráðsins er að finna á vef ráðuneytisins.

6. Önnur mál

Eva Margrét fer í barnsburðarleyfi í maí og Þór Þórarinsson frá FRN kemur í hennar stað.

Stefnt er að því að halda næsta fund stýrihópsins í byrjun maí, hugsanlega langan vinnufund. Formaður skoðar tímasetningu og sendir út fundarboð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50